

Sp. 210. Tillaga til þingsályktunar

um árlegar utanferðir nokkurra forstöðumanna ríkisstofnana.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að settur verði í fjárlög ár hvert hóflegur ferðastyrkur til 3—4 vikna dvalar erlendis fyrir forstöðumenn eða fulltrúa vegamála, vitamála, húsagerðar ríkisins og eftirlits ríkisins með rafmagnsframkvæmdum landsins. Skulu framangreindir forstöðumenn kynna sér framkvæmdir í Norðurálfu og Norður-Ameríku í þeim starfsgreinum, er þeir veita forstöðu. Skyldur skal hver af þessum forstöðumönnum að gefa skýrslu um ferðir sínar og birta þær opinberlega, almenningi til aukins skilnings á nútíma tækni við verklegar framkvæmdir.

Greinargerð.

Utanferðir tíðkast nú mjög, og það svo, að úr hófi keyrir. Munu á síðustu missirum hafa farið 5—7 menn frá Íslandi á flugmálafundi, þar sem betur hefði átt við að hafa einn fulltrúa. Samhliða þessu hefur verið sparað utanfararfé við forstöðumenn verklegra framkvæmda, þó að milljónir renni árlega gegnum hendur þeirra, og engin von, að forstöðumennirnir geti eingöngu með bókum og tímaritum fylgzt með í hinni hröðu tækniþróun nútímans. Auk þess eru allir forstöðumenn íslenskra ríkisframkvæmda svo önnum kafnir við hin margbreyttu störf í víðáttumiklu landi, að daglegt annriki hindrar þá frá að sinna nýjungum, svo sem þeir mundu sjálfir vilja kynna sér til hlítar. Með þeim flugsamgöngum, sem nú eru komnar, mundi einn mánuður nægja til slíkrar ferðar og hægt að velja að nokkru þá tíma á árinu, þegar hlé er á framkvæmdum heima fyrir. Ef tekinn væri upp þessi háttur, mundi landið hagnast stórlega á slíkri nýbreytni.